

Um er að ræða breytingu úr landbúnaðarlandi í sumarbústaðasvæði (frístundabyggð). Land það sem um ræðir er 2,5-3,0 ha og er á milli Höskuldslækjar og núverandi sumarbústaðasvæðis í landi Vaðness.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Hreppsnefnd Þingvallahrepps gerir ekki athugasemd við breytinguna og Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, 1993-2013, Hverhamar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis, 1993-2013, frá 19. maí 1994.

Lóðinni Hverhamar er breytt úr íbúðarlóð í verslunar- og þjónustulóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á suðvestur Hvaleyrarholti.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 2. september 1999 breytingu á deiliskipulagi íbúðarbyggðar á suðvestur Hvaleyrarholti sem samþykkt var 10. janúar 1990, breytt 25. október 1995 og 26. mars 1996 í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Breytingin felst í að hætt er við verslunar- og þjónustusvæði við Háholt og svæðinu skipt í leikskóla- og íbúðarlóð.

Tillagan var auglýst samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.